

## **240. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,**

**mánudaginn 18. nóvember 2019**

Mættir:

Stjórnarmenn: Katrín Sigurjónsdóttir formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Valtýr Hreiðarsson, Finnur Yngvi Kristinsson og Ásgeir Örn Blöndal.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Helga Íris Ingólfssdóttir. Elva Gunnlaugsdóttir og Baldvin Valdemarsson rituðu fundargerð.

---

Formaður setti fundinn, sem haldinn var í Ráðhúsinu á Dalvík, kl. 14.10 og bauð fundarmenn velkomna.

### **1. Niðurstaða aðalfundar Eyþings og aukaaðalfundar AFE**

Formaður og varaformaður AFE fór yfir niðurstöðu aðalfundar Eyþings og næstu skref.

Stjórn AFE var veit víðtæk heimild til að gera þá samninga og framkvæma þær aðgerðir sem þarf til að sameining nái fram að ganga.

### **2. Raforkumál**

Fyrsti fundur í verkefnaráði Blöndulínu 3 var haldinn í síðustu viku ásamt opnum kynningarfundum bæði í Eyjafirði og Skagafirði. Góður gangur er bæði í Kröflulínu 3 og Hólasandslínu 3.

Einnig hélt Sjálfstæðisfélagið á Akureyri mjög upplýsandi fund um framtíð raforkumála hér á svæðinu.

### **3. Haustfundur atvinnuþróunarfelaganna og Byggðastofnunar**

Mjög góður og upplýsandi fundur með öllum atvinnuþróunarfélögum og Byggðastofnun. Þórdís Kolbrún Reykjfjörð Gylfadóttir ráðherra, Óskar Jósefsson framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála og Skarphéðin Berg framkvæmdastjóri Ferðamálastofu tóku að hluta þátt.

Mikill vilji er til samvinnu milli allra félaga og nú þegar eru tvö stór samstarfsverkefni í gangi milli allra félaganna, fyrirtækja könnun landshluta og söfnun hagupplýsinga með mjög skipulögðum hætti þar sem vefsíða verður opunuð mjög fljótlega

### **4. Akureyrarflugvöllur**

Stjórn Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar fagnar því að heimild sé í fjárlögum til að leigja eða kaupa flugstöðvarbyggingu við Flugvöllinn á Akureyri, stjórn AFE skorar því hér með að stjórnvöld að tryggja það fjármagn sem þarf til að koma flugstöð í ásættanlegt horf. Það er þó rétt að áréttu að einnig er nauðsynlegt að tryggja fjármögnun flughlaðs til að tryggja flugöryggi á Íslandi.

Hér er einnig rétt að ítreka að ríkistjórn virði það sem Alþingi samþykkti við afgreiðslu á samgönguáætlun í febrúar á þessu ári. Skýr vilji þingsins er ljós og rétt að framkvæmdavaldið framfylgi vilja löggjafarvaldsins varðandi uppbyggingu flugvallakerfis landsins.

### **5. Önnur mál**

AFE hefur verið að vinna yfirlit yfir iðnaðarlóðir á svæðinu og greina hvaða starfsemi mögulega henti á hverjum svæði.

Baldvin fór yfir stöðuna á ferlinu með Uppbyggingarsjóðinn, fresturinn rann út 7. nóvember sl.,  
úthlutun verður í janúar.

Fundi slitið kl. 15.45

Kathrin Þórhildur  
Ólafsson  
Málaþóra

Sigmundur  
Ólafsson